



# Friðgarður og Langholt

SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

Gerðaskóli | Suðurnesjabær | september 2021

# Hlutverk

## Friðgarður

Í Gerðaskóla er stuðningsúrræði sem kallast Friðgarður. Markmið deildarinnar er að vinna þverfaglega og koma þannig til móts við þroska, tilfinningar og hegðun hvers nemanda þannig að aðstæður og raunhæfar kröfur stuðli að alhliða námi. Út frá eiginleikum hvers og eins er verið að viðhalda, byggja upp eða efla færni og getu nemandans til þess að stuðla að námi.

Úrræðið kemur til þegar aðrar lausnir í skóla hafa ekki borið árangur eða þegar sérfræðingar í stoðkerfi skólans meta það svo að þar sé hagsmunum nemandans best borgið. Úrræðið er bæði skammtíma- og/eða langtímaúrræði.

Nemendur úrræðisins eru skráðir í sinn umsjónarbekk. Í flestum tilvikum heldur nemandinn áfram námi með sínum bekk, hluta úr degi eða hluta úr viku. Greina skal frá tilhögun samstarfs umsjónarkennara og stuðningúrræðis í teymisáætlun nemandans sem gerð er í samráði við foreldra og aðra fulltrúa í teymi nemandans, í samræmi við 10. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum.

Þverfaglegt samstarf við stofnanir utan skólans er breytilegt og virkni samstarfsins fer eftir þörfum nemanda og foreldra hverju sinni. Á síðasta skólaári var m.a. mikið samstarf við sérfræðinga Brúarskóla. Bæði nemendanna og starfsfólksins vegna leggur Gerðaskóli mikla áherslu á að faglega sé unnið að þeim málum. Gagnsæi, öryggi og virðing er aðal þátturinn í þeirri samvinnu sem unnin er með foreldrum og nemendum sjálfum.

Þröngt hefur verið á þingi varðandi húsnæði og aðstöðu en á þessu nýja skólaári er gaman að segja frá því að stuðningsúrræðið Friðgarður er búið að fá stærri og betri aðstöðu. Og eins og fram hefur komið er þróunin alltaf í gangi og Friðgarður lifandi úrræði sem þróast eftir þörfum hverju sinni.

## Langholt

Þroskaþjálfari í Langholti er samstarfsaðili Friðgarðs, kennara og annarra starfsmanna skólans eftir því sem við á. Hann hefur það verksemi að sinna nemendum með þroskafrávik og/eða fötlun. Þroskaþjálfari sinnir einnig nemendum með aðrar sérþarfir s.s. ADHD, kvíðaraskanir o.fl. í samstarfi við faggreinakennara og umsjónarkennara. Hann skipuleggur þjálfunaraðstæður þeirra nemenda sem hann sinnir, velur og útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum. Hann metur árangur nemenda reglulega yfir árið og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.

## Markmið

Markmið Friðgarðs er m.a. að veita nemendum með sérþarfir í Gerðaskóla, fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við foreldra, umsjónarkennara og annarra fagaðila sem koma að þjónustu við nemandann.

Áhersla er lögð á að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra.

## STARFSMENN

Í Friðgarði starfa þroskaþjálfar, leiðbeinandi og stuðningsfulltrúar.